



BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 507

Kristjana V. Hannesdóttir
fyrirv. skólastjóri
(1895-1991)

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík
www.borgarskjalasafn.is/borgarskjalasafn@reykjavik.is

Einkaskjalasafn nr. 507

Kristjana V. Hannesdóttir

fyrrv. skólastjóri

(1886-1962)

Formáli

Kristjana Valgerður Hannesdóttir var fædd í Ögri í Helgafellssveit hinn 22. mars 1895. Foreldrar hennar voru Einbjörg Þorsteinsdóttir og Hannes Guðmundur Kristjánsson, póstur og járnsmiður í Nesi við Stykkishólm.

Systkini Kristjönu voru, Ingibjörg (móðir Sigurðar Flosasonar), Matthildur, Guðbjörg, Kristján og Þorsteinn.

Kristjana stundaði nám í Unglingaskóla Stykkishólms veturinn 1910-11 og mun hafa verið eina stúlkan í skólanum það árið. Ári síðar hóf hún kennslu 17 ára og var heimiliskennari á ýmsum stöðum við Breiðafjörð á árunum 1912-1914.

Árið 1917 fór Kristjana til náms í Kennaraskóla Íslands og lauk kennaraprófi sama ár og jafnframt ráðin til starfa við barnaskóla Stykkishólms í forföllum skólastjóra til loka skólaársins 1917-18. Næsta skólaár kenndi hún í Helgafellssveit en fór eftir það til kennslu á Vestfjörðum og kenndi við barnaskólann á Suðureyri við Súgandafjörð í þrjú ár og við barnaskóla Patreksfjarðar á árunum 1922 til 1927. Á þeim tíma sem Kristjana var við kennslu á Vestfjörðum jók hún við menntun sína bæði með því að sækja námskeið hér innanlands og með námsdöl í eitt og hálft ár á Norðurlöndum.

Árið 1927 veiktist Kristjana af berklum og var frá störfum af þeim sökum um tveggja ára skeið. Hún hóf aftur kennslu haustið 1929 við húsmæðraskólann á Laugum í Suður-Þingeyjarsýslu og í Stykkishólmi.

Veturinn 1943-1944 kenndi hún í Varmahlíð í Skagafirði á húsmæðra námskeiðum sem þar voru haldin og um haustið 1944 gerðist hún skólastjóri húsmæðraskólans á Staðarfelli á Fellsströnd í Dalasýslu. Hún lét af störfum árið 1949 vegna heilsubreysts og flutti til Stykkishólms þar sem hún bjó óslitið til æviloka. Kristjana lést 21. janúar 1991 í Stykkishólmi, á 96. aldursári.

Afhending: Sigurður Flosason 22. maí 2013 og í janúar 2017

Innihald: Bréf til Kristjönu Hannesdóttur, bréf til Ingibjargar Hannesdóttur, ræður, ávörp o.fl.

Tímabil: 1914-1990

Skjalaskrá

Askja 1

Bréfa- og málafn 1914-1991

Örk 1

Bréf til Kristjönu Hannesdóttur frá Helgu Kristjánsdóttur líklega skólasystir, 1919 og 1924.

Bréf til Kristjönu Hannesdóttur frá Hannesi og Einbjörgu 1921-1949.

Bréf til Kristjönu Hannesdóttur frá Önnu Björnsdóttur, Siglufirði, 1967-1984 og frá Ingibjörgu Hannesdóttur 1966.

Umslag: Bréf til Kristjönu Hannesdóttur frá Björgu Jónsdóttur, Neskaupsstað, 1927-1984.

Umslag: Bréf til Kristjönu Hannesdóttur frá ýmsum á Norðurlöndum, 1926-1984.

Umslag: Bréf til Kristjönu Hannesdóttur frá ýmsum í Ameríku 1914-1991.

Örk 2

Bréf til Ingibjargar Hannesdóttur frá Kristjönu Hannesdóttur 1948-1950.

Örk 3

Bréf til Ingibjargar Hannesdóttur frá Matthildi Hannesdóttur 1943-1957.

Umslag: Bréf til Ingibjargar Hannesdóttur frá Matthildi Hannesdóttur frá ýmsum 1937-1959.

Umslag: Bréf til Ingibjargar Hannesdóttur og Flosa Jónssonar frá Sigurði Flosasyni 1942 og 1943

Símskeyti 3. stk. til Ingibjargar Hannesdóttur og Einbjargar 1918, 1922 og 1923.

Askja 2

Bréfa- og málafn 1925-1990

Örk 1

Bréf til Kristjönu frá ýmsum 1925-1990.

Örk 2

Afsal Björns Jónatanssonar 9. nóvember 1949 á Þorleifshúsi í Stykkishólmi til Kristjönu Hannesdóttur.

Bréf varðandi dómkvadda matsmenn til að meta til verðs hluta erfðafestulóðar Kristjönu Hannesdóttur, Skólastígs 14 í Stykkishólmi, 22. júlí 1957.

Bréf frá Brunabótafélagi Íslands 25. janúar 1950 og 31. desember 1964.

Bréf sem staðfestir móttöku Kristjönu á bréfinu til matsmanna.

Umslag: Bréf, vísnaðbók, ljóð frá Laugaskóla 1930-1931.

Ljóð frá 1968 og minnisbók án árs.

Umslag: Námsferðir um Norðurlönd 1925-1926.

Stílabækur og minnisbækur, 21 stk., tengdar námi, kennslu og ávörpum án árs.

Askja 3

Bréfa- og málafn 1916-1973

Örk 1

Bréf, ræður, bernskuminningar, ljóð, hugrenningar o.fl. 1949, 1962, 1967, 1973 og án árs.

Stílabækur 3 stk., skólasaga skrifuð af Kristjönu 1916 og án árs.

Ættartala Kristjáns Jónssonar föðurafa Kristjönu.

Askja 4

Bréfa- og málafn 1926-2017

Þýðing á bréfi frá Harriet 1926.

Bréf til Kristjönu frá Norðurlöndum 1926-1948.

Þýðing á bréfi frá Sanna av Skarði í Færeyjum 1929.

Bréf frá Hauki F. Hannessyni til Sigurðar Flosasonar varðandi sendibréfin til Kristjönu og þýðingar á þeim, 20. janúar 2017.

Kristjana V. Hannesdóttir. *Nokkur orð um handavinnu*. Ársrit Nemendasambands Laugaskóla 1932, bls. 95-99.

Listi yfir tímaritsgreinar Kristjönu V. Hannesdóttur í Breiðfirðingi:

Námsferð um Norðurlönd árin 1925 og 1926. Breiðfirðingur ; 1996; 54: s. 55-89.

Ræða flutt á útihátíð í Stykkishólmi 17. júní 1962. Breiðfirðingur ; 1964; 22.-23: s. 53-57.

Minningar 2. Breiðfirðingur ; 1993; 51: s. 66-94.

Minningar 1. Breiðfirðingur ; 1993; 51: s. 85-111.

Bílferð yfir Kaldadal 1932. Breiðfirðingur ; 1989; 47: s. 109-114.

Bókhald, bókhaldsbók 1944-1951, ásamt minningabrotum Kristjönu inn á milli í bókinni.

Skráð í júní 2013 og 2017,
Jakobína Sveinsdóttir